



Ársskýrsla eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Niðurstaða ársreikninga sveitarfélaga 2023 og
fjárhagsáætlanir 2024

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Ársskýrsla eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Október 2024

irn@irn.is

www.irn.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2024 Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
1. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.....	5
1.1 Hlutverk nefndarinnar.....	5
1.2 Skipan nefndar og starfsmenn.....	6
1.3 Starfsemin.....	7
1.4 Endurskoðunarskýrslur.....	7
2. Þróun fjármála sveitarfélaga.....	9
2.1 Heildartekjur.....	10
2.2 Rekstrargjöld.....	11
2.3 Framlegð (EBITDA).....	12
2.4 Skuldir og skuldbindingar.....	13
2.5 Rekstrarniðurstaða.....	15
2.6 Jafnvægisregla.....	16
2.7 Veltufé frá rekstri.....	17
3. Sérstakar aðgerðir.....	18
3.1 Sveitarfélagið Árborg.....	18
3.2 Strandabyggð.....	18
3.3 Grindavíkurbær.....	19
4. Viðmiðanir, lágmarskiðmið og lykiltölur.....	20
5. Helstu fjárhæðir og kennitölur A-hluta sveitarfélaganna.....	22
6. Helstu fjárhæðir og kennitölur A- og B- hluta sveitarfélaganna.....	27

Útdráttur

Í þessari ársskýrslu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga er fjallað um ársreikninga sveitarfélaga ársins 2023 og þróun fjármála þeirra með samanburði við fyrri ár auk umfjöllunar um fjárhagsáætlanir ársins 2024. Yfirlit yfir fjármál einstakra sveitarfélaga fyrir árið 2023 er að finna aftast í skýrslunni.

Auk skoðunar á samstæðu A- og B-hluta hefur eftirlitsnefndin sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir meginhluta rekstrarútgjalda.

Eins og fyrr var megin áherslan í störfum nefndarinnar framfylgd fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldaviðmið út árið 2025 en sú undanþága var sett á vegna heimsfaraldurs Covid-19. Við lok ársins 2023 starfaði eitt sveitarfélag eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum.

Við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga verður ekki annað séð en að rekstur þeirra hafi heilt yfir batnað á árinu 2023 eftir erfiðleika á árunum 2020-2022. Heildartekjur A-hluta sveitarfélaganna jukust um 14% og fóru úr rúmlega 460 ma.kr. árið 2022 í 526 ma.kr. árið 2023, framlegðin fór úr 4,4% af tekjum árið 2022 í 7,7% árið 2023 og veltufé frá rekstri jókst markvert. Rekstrarafkoma A-hlutans hefur verið neikvæð síðan 2020 en þrátt fyrir að hafa enn reynst neikvæð um 0,9 ma.kr. árið 2023 batnaði hún talsvert frá 2022 þegar afkoman reyndist neikvæð um 21,2 ma.kr. Skuldir og skuldbindingar jukust úr 527 ma.kr. á árinu 2022 í 587 ma.kr. árið 2023 en þrátt fyrir það lækkuðu þær sem hlutfall af tekjum og námu tæplega 112% í árslok 2023.

1. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga starfar samkvæmt VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, og reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin er skipuð af innviðaráðherra, einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar.

1.1 Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og að hafa eftirlit með því að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarfélags sé ekki í samræmi við ákvæði laganna eða fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni, innan tveggja mánaða, grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Komist sveitarfélag í fjárþröng og sveitarstjórn telur ekki unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það eftirlitsnefndinni. Nefndin lætur þá rannsaka fjárreiður og rekstur sveitarfélagsins og leggur síðan fyrir sveitarstjórn að bæta úr því sem áfátt kann að reynast. Hafi sveitarfélag ekki brugðist við fjárhagsvanda sínum innan þriggja mánaða eða beri aðgerðir til lausnar fjárhagsvanda ekki tilætlaðan árangur getur eftirlitsnefndin gripið til frekari aðgerða.

Telji eftirlitsnefndin að fjárhagur sveitarfélags sé það slæmur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið undir lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum eða það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og annarra lánadrottna. Getur ráðuneytið að tillögu eftirlitsnefndar heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í slíkum tilvikum að leggja álag á útsvar og fasteignaskatt sem nemi allt að 25%.

1.2 Skipan nefndar og starfsmenn

Aðalmenn

Þórir Ólafson, endurskoðandi og formaður
Oddur Gunnar Jónsson, skrifstofustjóri
Rósa Steingrímsdóttir, viðskiptafræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn

Ragna Hrund Hjartardóttir, endurskoðandi
Hanna Dóra Hólm Másdóttir, sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála
Páll Guðjónsson, fyrrv. Framkvæmdarstjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,

Jóhannes Á. Jóhannsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga situr fundi nefndarinnar

Starfsmenn

Árni Sverrir Hafsteinsson
Elmar Björnsson

1.3 Starfsemin

Á árinu 2023 hélt eftirlitsnefndin samtals 10 fundi og fundaði sex sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga voru veigamikill þáttur í starfsemi eftirlitsnefndarinnar. Við yfirferð fjárhagsáætlana var líkt og áður lögð áhersla á þau sveitarfélög sem voru með neikvæða rekstrarniðurstöðu, neikvæða framlegð og neikvætt veltufé frá rekstri.

Eftirlitsnefndin tekur til sérstakrar skoðunar A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en sem áður sagði er ljóst að andi laganna er á þá leið að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda.

Í megin atriðum var ársreikningum skilað fyrir tilskilin tímamörk þó þeim hafi verið skilað seinna í einstaka tilfellum. Dráttur á skilum ársreikninga leiðir til tafa á því að eftirlitsnefndin geti klára yfirferð sína. Óásættanlegt er að ársreikningum sé ekki skilað en með því skortir eftirlitsnefndina þær upplýsingar sem hún leggur til grundvallar við störf sín. Á árinu 2023 skiluðu öll sveitarfélög endurskoðuðum ársreikningum.

Þann 27. mars gerði Sveitarfélagið Árborg samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. Sveitarstjórnarlaga.

1.4 Endurskoðunarskýrslur

Eftirlitsnefndinni bárust skýrslur endurskoðenda allra sveitarfélaga vegna ársreiknings 2023. Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að endurskoðendur upplýsi eftirlitsnefndina sérstaklega um öll frávik frá lögum og reglum hjá sveitarfélagi sem þeir verða áskynja um í störfum sínum. Engar slíkar ábendingar hafa borist nefndinni.

Eftirlitsnefndin hefur í starfsstefnu sinni að yfirfara skýrslur endurskoðenda varðandi upplýsingar sem þar koma fram og varða fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaganna. Algengustu ábendingarnar sem fram koma í skýrslum endurskoðenda vegna ársreikninga 2023 eru um gerð viðauka þar sem ekki er farið eftir því regluverki sem um þá gilda og ábendingar um skort á aðgreiningu starfa sem lið í innra eftirliti, sér í lagi hjá fámennari sveitarfélögum.

Regluverk um gerð viðauka á að vera skýrt og því ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að fylgja því. Eins er ljóst að með fjárhagsáætlunum og viðaukum við þær eru sveitarstjórnir að veita starfsmönnum sveitarfélagsins heimildir sem þarf til reksturs sveitarfélagsins. Það ætti því að vera krafa af beggja hálfu, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga að fylgja því regluverki sem um þetta gildir. Annars vegar fyrir sveitarstjórnarmenn að tryggja að rétt sé staðið

að rekstrinum þ.e. að byggt sé á áætlunum og hins vegar af hálfu starfsmanna að þeir hafi skýrar fjárheimildir til þess sem þeir eru að gera.

Varðandi aðgreiningu starfa þá má vera ljóst að vegna fárra starfsmanna sumra sveitarfélaga verður ekki alltaf hægt að koma við þeirri aðgreiningu starfa sem þyrfti. Í slíkum tilfellum gætu viðbrögð sveitarfélaga verið að beita öðrum innri eftirlitsaðgerðum en í skýrslum endurskoðenda er almennt ekki gert grein fyrir því hvort og þá hvaða innra eftirlit hafi komið í stað aðgreiningar starfa, þó svo að einstaka í skýrslum hafi það verið tilfellið.

2. Þróun fjármála sveitarfélaga

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þróun fjármála sveitarfélaga árin 2019 til 2023 ásamt fjárhagsáætlunum ársins 2024. Í umfjöllun hér á eftir eru fjárhæðir annars vegar vegna A-hluta reikningsskila, sem tekur til aðalsjóðs sveitarfélaga, og hins vegar vegna samantekinna reikningsskila, þ.e. A- og B-hluta.

Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og því er nauðsynlegt að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu við samanburð fjárhæða. Jafnframt er rétt er að ítreka að samantekt þessa kafla er ætlað að gefa yfirlit um þróun fjármála sveitarfélaga í heild en til frekari skoðunar á einstaka sveitarfélögum er bent á yfirlitskaflann aftast í skýrslunni.


Fjármál sveitarfélaga hafa á undanförunum árum markast af Covid-faraldrinum. Þó áhrifin hafi komið misjafnlega hart niður á sveitarfélögum hefur afkoma þeirra að meðaltali reynst neikvæð um 1% af tekjum frá árinu 2019. Stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna er launaliðurinn en frá árinu 2019 hafa laun og launatengd gjöld numið að meðaltali rúmlega 55% af tekjum þeirra.

Lakari afkoma sveitarfélaganna hefur haft neikvæð áhrif á skuldastöðu þeirra. Skuldahlutfallið þ.e. hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af tekjum hefur þokast upp á við og var að meðaltali 112% skv. ársreikningum 2023 fyrir A-hluta. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna sem ná til ársins 2027 gera þó ráð fyrir því að skuldastaðan hafi náð hámarki á árinu 2023 þó svo að um óverulegar breytingar sé að ræða á tímabili fjárhagsáætlana.

2.1 Heildartekjur


Heildartekjur A-hluta sveitarfélaganna hafa á tímabilinu 2019-2023 aukist úr 354 ma.kr. í 526 ma.kr. eða um nærri 50% líkt og sjá má á myndinni hér að neðan. Þegar rýnt er í einstaka undirliði sést að skatttekjur, þ.e. útsvars- og fasteignaskattstekjur, voru rúmlega 70% tekna, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að meðaltali 13% tekna og aðrar tekjur um 15%.

Hækkun heildartekna milli áranna 2022 og 2023 var 14% og samkvæmt fjárhagsáætlunum er ráðgerð að tekjurnar verði 546 ma.kr. á árinu 2024 eða 3,8% hærri en árið 2023.




Þegar litið er til samantekinna reikningsskila A- og B-hluta sést að heildartekjur hafa aukist um nær 45% frá árinu 2019 og fóru úr 454 ma.kr. í 655 ma.kr. Hlutfall skatttekna af heildartekjum hefur að jafnaði verið ríflega 55%, framlög úr Jöfnunarsjóði um 10% og aðrar tekjur hafa verið um þriðjungur af heildartekjum.

Milli áranna 2022 og 2023 jukust heildartekjur um 13,5% og gangi fjárhagsáætlanir eftir koma þær til með að nema um 680 ma.kr. á árinu 2024.




2.2 Rekstrargjöld

Rekstrargjöld sveitarfélaganna án afskrifta jukust á tímabilinu 2019-2023 úr 323 ma.kr. í 485 ma.kr. eða um 50% fyrir A-hluta. Í hlutfalli við tekjur voru laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbindingar A-hluta rúmlega 56% árið 2023 og hafa að jafnaði verið 55% frá 2019. Litið til annars rekstrarkostnaðar sést einnig nokkur hækkun þó svo að hlutallið af tekjum hafi verið stöðugt í kringum 35%.



Horft til A- og B-hluta sveitarfélaganna sést að heildargjöld hafa aukist um nær 50% frá árinu 2019 og fóru úr 375 ma.kr. í 533 ma.kr. Líkt og fyrir A-hluta voru laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbindingar stærsti einstaki kostnaðarliður A- og B- hluta eða um 50% af heildartekjum.




2.3 Framlegð (EBITDA)

Framlegð frá rekstri er sú fjárhæð sem rekstur sveitarfélagsins leggur til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum, auk fjárfestinga og styrkingar á eiginfjárstöðu. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig framlegð sveitarfélaganna þróaðist árin 2019-2023 og áætlun fyrir 2024. Árið 2023 var samanlögð framlegð sveitarfélaganna um 40 ma.kr. sem jafngildir 7,7% af heildartekjum fyrir A- hluta og 101,8 ma.kr. eða 15,5% af tekjum fyrir samantekin reikningsskil A- og B- hluta.

Hlutfallið lækkaði nokkuð þegar áhrif Covid-faraldursins voru hvað sterkust og reyndist 3% fyrir A-hluta árið 2020. Síðan þá hefur framlegðin þokast hægt upp á við þó hún sé ekki jafn mikil og fyrir faraldurinn. Samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna er gert ráð fyrir því að framlegðin haldi áfram að aukast og verði 8,7% fyrir A-hluta en 16,2% fyrir A- og B- hluta árið 2024.


Eftirlitsnefndin hefur sett fram viðmið um að framlegð sveitarfélaga sé að lágmarki 10% af skuldum samkvæmt skuldaviðmiði A-hluta. Á árinu 2023 voru 49 sveitarfélög sem uppfylltu lágmarksviðmið eftirlitsnefndarinnar um framlegð en 15 sveitarfélög voru með framlegð sem reyndist undir viðmiði nefndarinnar.



2.4 Skuldir og skuldbindingar


Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er að finna tvö fjárhagsleg viðmið, jafnvægisreglu og skuldaviðmið. Í 64. gr. laganna segir til um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skuli ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldaviðmið sem finna má í lögum er frábrugðið skuldahlutfalli að því leyti að við útreikning skuldahlutfalls skal taka tillit til allra skulda og skuldbindinga en við útreikning skuldaviðmiðs er skv. 14. gr. reglna um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, heimilt að undanskilja leiguskuldbindingar við ríkissjóð, lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar og að draga frá skuldum fyrirframgreiðslur vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs og veltufjármuni. Líkt og áður hefur komið fram er sveitarstjórnnum heimilt að víkja tímabundið frá þessum viðmiðum út árið 2025 til að tryggja starfhæfi sitt og auka ákvarðanatöku í kjölfar Covid-faraldursins.

Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig skuldaviðmið A- og B-hluta sveitarfélaganna hefur að meðaltali þróast síðastliðin 5 ár. Líkt og sjá má er hlutfall sveitarfélaganna að jafnaði talsvert undir lögbundna hámarkinu þó bilið hafi minnkað frá 2019. Eins og áður segir er sveitarfélögum heimilt að víkja frá skuldareglunni til loka árs 2025 en þrátt fyrir það var aðeins eitt sveitarfélag sem ekki uppfyllti viðmið laganna í árslok 2023.




Eftirlitsnefndin hefur sett sér viðmið varðandi heildarskuldir og -skuldbindingar sveitarfélaga. Miðar nefndin við það að fjármál sveitarfélags séu skoðuð sérstaklega ef heildarskuldir fara yfir 100% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna. Með sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 var 150% skuldaviðmið lögfest vegna skulda og skuldbindinga fyrir A- og B-hluta.

Heildarskuldir og -skuldbindingar A-hluta sveitarfélaganna hafa vaxið þónokkuð og farið úr 369 ma.kr. í 587 ma.kr. á tímabilinu 2019-2023. Jafngildir það 59% aukningu. Skuldir A- og B-hluta hafa á sama tímabili vaxið um 44% og voru 952 ma.kr. í árslok 2023.





Þó svo að skuldir sveitarfélaga hafi aukist talsvert í krónum talið er gagnlegt að skoða hvernig þær hafa þróast sem hlutfall af tekjum. Þegar kemur að A- hluta voru heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum 104% árið 2019 en hlutfallið hafði hækkað upp í 112% í árslok 2023 líkt og sjá má á hér að neðan. Þegar horft er á samstæðu A- og B-hluta reyndist skuldahlutfallið vera 145% árið 2023, sem er svipað stig og fyrir Covid-faraldurinn. Fjárhagsáætlunir gera ráð fyrir því að hlutfallið haldist tiltölulega óbreytt á árinu 2024 bæði hvað varðar A- hluta og A- og B-hluta.




2.5 Rekstrarniðurstaða

Áhrif Covid-faraldursins reyndust sveitarfélögum þungbær og var afkoma A-hluta sveitarfélaganna neikvæð um 3% að meðaltali á árunum 2020-2022. Samkvæmt ársreikningum 2023 var heildarafkoma A-hluta neikvæð um 0,2% af tekjum eða 0,9 ma.kr og því um talsverðan afkomubata að ræða frá fyrra ári, enda þótt afkoman sé enn neikvæð. Þegar horft er á A- og B- hluta hefur afkoman að jafnaði verið jákvæð og var hún 7 ma.kr. árið 2023 eða 1,1% af tekjum. Gangi fjárhagsspár eftir mun rekstur sveitarfélaganna halda áfram að batna og gert er ráð fyrir því að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð árið 2024 bæði fyrir A- hluta og A- og B- hluta.



2.6 Jafnvægisregla

Jafnvægisreglan er hluti af lögbundnum fjárhagsviðmiðum sveitarfélaganna en hún kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en reglulegar tekjur. Vegna efnahagslegra áskorana í kjölfar Covid-faraldursins var jafnvægisreglan, líkt og skuldaviðmiðið, tekin tímabundið úr gildi út árið 2025 með það að markmiði að veita sveitarfélögunum svigrúm til að bregðast við áhrifum faraldursins á rekstur þeirra. Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaganna fyrir árin 2021-2023 var samanlögð afkoma A- og B-hluta jákvæð hjá 46 sveitarfélögum en neikvæð hjá 18 sveitarfélögum.




2.7 Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri segir til um hvaða fjármuni sveitarfélög hafa úr rekstri sínum til að greiða afborganir vegna skulda og skuldbindinga. Þannig er veltufé frá rekstri til marks um það hversu há fjárhæð er til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað, s.s. vexti og annan kostnað sem tilheyrir rekstri sveitarfélagsins. Rétt er að taka fram að veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar en fjármögnun þeirra, sem og afborganir af skuldum, geta einnig verið með nýjum lánum eða samblandi beggja þátta.

Þróun veltufjár frá rekstri á tímabilinu 2019-2023 er sýnd á myndinn hér að neðan. Þar sést að veltufé frá rekstri A-hluta sveitarfélaganna var um 10% af tekjum árið 2019. Talsverð lækkun varð á árunum 2020-2022 en árið 2023 jókst veltufé frá rekstri og nam rúmum 8% tekna. Fjárhagsáætlanir gera þó ráð fyrir að veltufé frá rekstri lækki örlítið á árinu 2024 og verði í námunda við 7%.

Eitt af lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndarinnar snýr að veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum. Við það er miðað að veltufé frá rekstri A-hluta sé ekki lægra en sem nemur 5% af skuldum samkvæmt skuldaviðmiði A-hluta. Á árinu 2023 voru 57 sveitarfélög sem uppfylltu lágmarksviðmið eftirlitsnefndarinnar um veltufé frá rekstri en í 7 sveitarfélögum var veltufé frá rekstri undir viðmiði nefndarinnar.



3. Sérstakar aðgerðir

3.1 Sveitarfélagið Árborg

Fjármál Sveitarfélagsins Árborgar hafa um nokkurt skeið verið til umfjöllunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin hefur í því samhengi skrifað sveitarfélaginu bréf og fundað með fulltrúum þess frá árinu 2022. Í 1. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga segir að þegar tilefni er til vegna fjármála eða fjármálastjórnar sveitarfélags skulu ráðherra og viðkomandi sveitarstjórn, á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar, gera samkomulag um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins.

Í byrjun árs 2023 átti nefndin fund með fulltrúum sveitarfélagsins þar sem farið var yfir fjármál og fjárhagsáætlanir þess. Í ljósi þungrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins lagði eftirlitsnefndin til í bréfi til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar að gert yrði samkomulag við innviðaráðherra. Samkomulag innráðuneytisins og sveitarfélagsins tók gildi í mars og gildir til 1. maí 2025 en markmið þess er að stuðla að vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins.

Eftirlitsnefndin hefur í störfum sínum lagt mikla áherslu á að Sveitarfélagið Árborg leiti allra leiða til að bæta fjárhagsstöðu sína, bæði á tekju- og útgjaldahlið. Samkvæmt samkomulaginu vann sveitarfélagið aðgerðaráætlunina „Brú til betri vegar“ sem sýndi fram á hvernig sveitarfélagið áformar að ná markmiðum sínum í takt við samkomulagið. Er það niðurstaða eftirlitsnefndarinnar að þátt fyrir að árangur hafi náðst er áhyggjuefni að A-hlutinn, sem rekinn er fyrir skattfé, sé rekinn með viðvarandi halla.

3.2 Strandabyggð

Þann 30. mars 2021 gerði ráðherra samkomulag við sveitarstjórn Strandabyggðar. Markmið samkomulagsins var að stuðla að markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Strandabyggðar svo fjárhagslegum markmiðum sveitarstjórnarlaga yrði náð. Eftirlitsnefndin fundaði með fulltrúum Strandabyggðar í mars 2023 þar sem farið var yfir fjármál sveitarfélagsins og fjárhagsáætlanir. Gerð var grein fyrir innviðaskuld og auk þess kom fram kom á fundinum að gert væri ráð fyrir jákvæðri afkomu yfir tímabilið 2023-2027. Að mati nefndarinnar var fjárhagsstaða sveitarfélagsins innan ásættanlegra marka þrátt fyrir að vera viðkvæm fyrir sveiflum í gjöldum og tekjum. Samkomulag Strandabyggðar við innviðaráðherra rann sitt skeið á enda í árslok 2023.

3.3 Grindavíkurbær

Áður en jarðhræringar nærri Grindavík hófust stóð rekstur Grindavíkurbæjar traustum fótum. Rekstur sveitarfélagsins hefur um árabil verið með ágætum og nam rekstrarafgangur A-hluta sveitarfélagsins á árinu 2023 486 m.kr. og veltufé frá rekstri 1,8 ma.kr. Þá voru skuldir sveitarfélagsins óverulegar og handbært fé í árslok 2023 1,2 ma.kr.

Mikil óvissa ríkir hins vegar um framtíð búsetu og atvinnulífs í byggðarlaginu og í ljósi aðstæðna fylgist eftirlitsnefndin grannt með gangi mála. Við sveitarfélaginu horfir gríðarlegt tekjufall af fasteignaskatti og mikill samdráttur í útsvari. Möguleikar sveitarfélagsins á því að draga saman útgjöld sín á móti skertri starfsemi í bænum eru jafnframt takmörkuð.

4. Viðmiðanir, lágmarskviðmið og lykiltölur

Með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 voru sett viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Viðmiðin er að finna í 64. gr. laganna:

„Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Með bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórnnum heimilt að víkja frá ofangreindum skilyrðum fyrir árin 2020-2025.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, kuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanskilja nánar tilgreindar kuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.“

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 502/2012 skal eftirlitsnefndin reikna m.a. eftirfarandi lykiltölur við yfirferð á ársreikningum sveitarfélaga:

1. Reiknast sem hundraðshluti af reglulegum tekjum:
 - a. Framlegð.
 - b. Rekstrarniðurstaða.
 - c. Veltufé frá rekstri.
 - d. Skuldahlutfall.
 - e. Skuldaviðmið.
2. Aðrar lykiltölur:
 - a. Veltufjárhluftfall.
 - b. Vaxtaberandi kuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
 - c. Peningaleg staða.

Við skoðun á lykiltölum samkvæmt þessari grein skal eftirlitsnefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar.

Aukinheldur getur eftirlitsnefndin sett nánari vinnureglur um útreikning lykiltalna og samburð þeirra við viðmið samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar. Í störfum sínum við yfirferð ársreikninga 2023 ákvað eftirlitsnefndin að setja sér nýtt verklag við útreikning á lágmarkskröfum vegna fjárhagslegra viðmiða. Í stað þess að miða við að veltufé frá rekstri og framlegð séu tiltekið hlutfall af nettó skuldum líkt og verið hefur er samkvæmt nýjum vinnureglum miðað við skuldahlutfall með sama útreikningi og skuldaviðmið, nema fyrir A-hluta eingöngu.

Lágmarksviðmiðum nefndarinnar er ætlað að styðja við lagalegu viðmiðin og eru sem hér segir:

1. Rekstrarniðurstaða ársins fyrir A-hluta skal vera jákvæð
2. Veltufé frá rekstri A-hluta í hlutfalli við rekstrartekjur skal vera að lágmarki 5% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta
3. Framlegð A-hluta í hlutfalli við rekstrartekjur skal vera að lágmarki 10% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta
4. Æskilegt er, að mati nefndarinnar, að skuldahlutfall A-hluta sé jafnan undir 100%

Rétt er að benda á að við yfirferð fjárhagslegra viðmiða er nauðsynlegt að skoða þau í heild og er vert að benda á að sveitarfélög hafa með höndum mismunandi starfsemi, kjör og tækifæri við fjármögnun sem getur í sumum tilvikum haft áhrif á einstök viðmið.

Auk framangreindra lykilupplýsinga um heildarfjárhæðir og hlutföll koma einnig til skoðunar breytingar á milli ára ásamt útreikningum á hvern íbúa til samanburðar milli sveitarfélaga. Við athuganir á einstaka sveitarfélögum eru A-hluta reikningsskila skoðuð ásamt samstæðureikningsskilum en mjög mismunandi er hve mikil áhrif B-hluti reikningsskilanna hefur á fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga.

5. Helstu fjárhæðir og kennitölur A-hluta sveitarfélaganna

Ársreikningur 2023

Samanburður á sveitarfélögum A- hluti

	Öll sveitarfélög	Reykjavíkurborg	Kópavogsbær	Seltjarnarnes-kaupstaður	Garðabær	Hafnarfjarðar-kaupstaður	Mosfellsbær	Kjósarhreppur	Reykjanesbær	Grindavíkurbær	Sveitarfélagið Vogar
Fjöldi íbúa.....	383.726	136.894	39.335	4.572	19.088	30.616	13.403	269	21.957	3.579	1.500
Heildartekjur.....	525.995	176.408	49.468	5.686	27.022	42.907	18.559	399	25.008	5.192	2.008
Framlegð.....	40.659	7.950	3.577	-441	4.643	3.560	2.256	89	3.019	744	158
Fjármagnsliðir.....	-21.020	-4.143	-2.672	-230	-2.178	-2.270	-1.567	-7	-821	39	-126
Rekstramiðurstæða.....	-911	-4.969	-753	-867	1.130	251	232	80	1.453	468	-16
Veltufé frá (til) rekstrar.....	44.043	11.541	4.300	-23	-189	960	1.593	91	3.968	1.811	150
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	587.439	198.473	52.001	8.083	35.455	56.476	22.264	178	30.335	2.316	1.984
Nettó skuldir (fráðregnar peningalegar eignir).....	469.654	163.041	45.550	5.977	30.888	43.276	20.007	3	25.085	-428	1.563
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	7,7%	4,5%	7,2%	-7,8%	17,2%	8,3%	12,2%	22,3%	12,1%	14,3%	7,9%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	56,2%	57,8%	55,7%	62,8%	44,4%	54,4%	51,4%	18,2%	50,5%	55,2%	51,5%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	36,1%	37,7%	37,0%	44,9%	38,4%	37,3%	36,5%	59,5%	37,5%	30,4%	40,6%
Rekstramiðurstæða í hlutfalli af heildartekjum.....	-0,2%	-2,8%	-1,5%	-15,2%	4,2%	0,6%	1,2%	20,0%	5,8%	9,0%	-0,8%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	8,4%	6,5%	8,7%	-0,4%	-0,7%	2,2%	8,6%	22,8%	15,9%	34,9%	7,5%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	3,8%	4,1%	4,1%	4,6%	4,8%	4,2%	4,8%	0,0%	4,4%	0,0%	3,3%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	11,6%	11,7%	8,9%	6,8%	19,9%	12,0%	11,8%	0,0%	13,3%	13,0%	3,8%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	17,4%	17,4%	12,8%	9,8%	43,3%	19,4%	18,4%	0,0%	23,2%	22,1%	3,7%
Skuldahlutfall.....	112%	113%	105%	142%	131%	132%	120%	45%	121%	45%	99%
Skuldahlutfall nettó (að fráðregnum penl. eignum).....	89%	92%	92%	105%	114%	101%	108%	1%	100%	-8%	78%
Skuldaviðmið útreiknað.....	75%	82%	82%	92%	96%	84%	96%	0%	88%	0%	65%
Veltufjárhlfall.....	0,9	0,9	0,5	0,4	0,6	1,1	0,7	4,4	0,6	4,2	1,1
Veltufjárhlfall án eigin fyrirtækja.....	0,9	0,9	0,5	0,3	0,4	1,4	0,6	2,3	0,8	4,3	1,1
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	-1,0	1,2	1,7	-0,1	-0,1	0,3	0,9	19,4	3,4	35,6	1,2
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	11,3	15,2	9,4	-303,8	-170,1	50,6	12,6	1,3	5,9	0,9	10,7
Heildartekjur per íbúa þús.kr.....	1371	1289	1258	1244	1416	1401	1385	1484	1139	1451	1339
Skatttekjur per íbúa þús.kr.....	946	989	949	961	956	926	890	1153	815	936	838
Jöfnunarsjóður per íbúa þús.kr.....	193	98	81	117	110	155	260	122	161	316	341
Laun og launat. per íbúa þús.kr.....	770	745	701	781	629	763	711	270	575	801	690
Heildarskuldir og skuldb. á íbúa þús.kr.....	1531	1450	1322	1768	1857	1845	1661	663	1382	647	1323
Nettó skuldir á íbúa þús.kr.....	1224	1191	1158	1307	1618	1414	1493	13	1142	-120	1042

Ársreikningur 2023

Samanburður á sveitarfélögum A- hluti

	Suðurnesjabær	Akranes- kaupstaður	Skorradals- hreppur	Hvalfjarðar- sveit	Borgarbyggð	Grundarfjarðar- bær	Stykkishólms- bær	Eyja- og Miklaholtshreppur	Snæfellsbær	Dalabyggð	Bolungarvíkur- kaupstaður
Fjöldi íbúa.....	3.897	8.071	52	727	4.100	821	1.266	123	1.617	642	989
Heildartekjur.....	5.983	10.344	143	1.413	5.964	1.424	2.196	240	2.909	1.123	1.626
Framlegð.....	435	194	12	318	633	190	217	33	326	69	158
Fjármagnsliðir.....	-212	646	1	265	-11	-130	-203	9	-49	-10	-96
Rekstramiðurstæða.....	-12	475	12	518	462	6	-69	38	178	48	13
Veltufé frá (til) rekstrar.....	597	1.244	13	566	961	209	245	37	470	56	165
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	4.688	9.794	71	121	3.871	1.751	2.763	40	2.008	711	2.190
Nettó skuldir (fráðregnar peningalegar eignir).....	3.456	6.852	7	-1.889	2.540	1.487	2.495	-129	1.597	502	1.867
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	7,3%	1,9%	8,6%	22,5%	10,6%	13,3%	9,9%	13,8%	11,2%	6,2%	9,7%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	53,6%	66,2%	12,0%	44,4%	57,9%	56,5%	62,8%	39,7%	56,2%	47,7%	57,5%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	39,1%	31,9%	79,4%	33,1%	31,5%	30,2%	27,4%	46,5%	32,6%	46,1%	32,8%
Rekstramiðurstæða í hlutfalli af heildartekjum.....	-0,2%	4,6%	8,3%	36,6%	7,7%	0,4%	-3,1%	16,0%	6,1%	4,3%	0,8%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	10,0%	12,0%	9,3%	40,0%	16,1%	14,7%	11,2%	15,3%	16,2%	5,0%	10,2%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	2,2%	2,7%	0,0%	0,0%	1,1%	4,3%	4,9%	0,0%	2,4%	0,8%	4,4%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	9,8%	29,9%	-7,5%	5,0%	4,6%	7,8%	5,0%	0,6%	10,7%	22,7%	5,2%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	14,8%	36,3%	-2,7%	5,8%	6,2%	11,6%	8,1%	0,3%	18,3%	25,7%	5,4%
Skuldahlutfall.....	78%	95%	49%	9%	65%	123%	126%	17%	69%	63%	135%
Skuldahlutfall nettó (að fráðregnum penl. eignum).....	58%	66%	5%	-134%	43%	104%	114%	-54%	55%	45%	115%
Skuldaviðmið útreiknað.....	45%	53%	0%	0%	22%	86%	97%	0%	48%	16%	87%
Veltufjárhlutfall.....	1,8	0,6	0,8	17,2	2,3	1,0	0,7	3,6	0,8	1,3	1,7
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	1,5	0,6	0,9	17,1	1,6	1,0	0,6	3,6	1,1	1,1	0,9
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	2,5	5,4	4,4	0,0	3,1	1,3	1,1	1046,7	2,8	1,4	1,2
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	6,9	6,2	2,0	0,0	3,4	7,2	9,9	0,0	3,5	8,3	11,6
